

## 207. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn fimmtudaginn 1. febrúar 2018, kl. 15:15 í Aratungu

Mætt voru:

*Helgi Kjartansson, Kristinn Bjarnason sem varamaður Valgerðar Sævarsdóttur, Óttar Bragi Práinsson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Eyrún M. Stefánsdóttir, Bryndís Á. Böðvarsdóttir, Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri og Sigurrós H. Jóhannsdóttir, sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.*

Helgi Kjartansson, oddviti, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Helgi kom fram með tillögu að dagskrárbreytingu að inn komi þrjár (3) nýir dagskrárliðir, 3.5, 8.10 og 8.11. Tillagan samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerðir til staðfestingar:

1.1. 191. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar.  
Fundargerð samþykkt samhljóða.

1.2. 148. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 3. janúar 2018 – 18-70.  
Pétur Ingi Haraldsson skipulagfulltrúi sat fundinn undir þessum dagskrárlið.  
Mál nr. 2; Brúarvirkjun: Afmörkun lóða og færsla stöðvarhúss:  
Deiliskipulagsbreyting.  
Lögð fram að lokinni grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi Brúarvirkjunar. Tillagan var grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir eigendum lóða sunnan virkjanasvæðis með bréfi dags. 10. nóvember 2017 með athugasemdafresti til 18. desember 2017. Engar athugasemdir bárust en fyrir liggur tölvupóstur Sigurðar Jónssonar og Dagnýja Guðmundsdóttur dags. 17. desember 2017 þar sem fram kemur að kynnt breyting hafi óveruleg áhrif á áður framkomnar athugasemdir um fyrirhugaða framkvæmd. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða deiliskipulagsbreytinguna óbreytta og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda og senda gögn til varðveislu Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 3; Heiðarbær lóð (170211): Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús og geymsla – 1709009.

Lögð fram að lokinni grenndarkynningu umsókn um byggingarleyfi fyrir frístundahúsi á lóðinni Heiðarbær 170211. Tillagan var grenndarkynnt með bréfi dags. 14. nóvember 2017 með athugasemdafresti til 18. desember 2017. Athugasemd barst frá Hildi Hákonardóttur með tölvupósti dags. 18. desember 2017 auk þess sem bréf barst frá Ríkiseignum (f.h. landeigenda) dags. 13. desember 2017. Þar er ítrekað að nýtingarhlutfall fari ekki upp fyrir 0,03 auk þess sem vísað er í skilmála þinglýsts leigusamnings. Umsögn Umhverfisstofnunar liggur fyrir, dags. 5. janúar 2018.

Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar gefur athugasemd ekki tilefni til þess að hafna beri umsókninni þar sem byggingarmagn lóðar er í samræmi við það sem almennt er heimilt í frístundabyggingum, þ.e. nýtingarhlutfallið fer ekki upp fyrir 0,03. Felur það í sér að skilyrt er að núverandi hús verði fjarlægð. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar vísar málinu til endanlegrar afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 4; Leynir lóð lnr. 167906: Færanleg skemma: Fyrirspurn – 1801009.  
Lögð fram fyrirspurn Haraldar Ásgeirssonar, eiganda frístundahúsalóðarinnar Leynir lóð lnr. 167906 dags. 2. janúar 2018, um heimild til að reisa 30 fm færanlegt bogahýsi á lóðinni.

Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er ekki æskilegt að veitt sé stöðuleyfi fyrir færanlegum geymslum/skemmum á frístundahúsalóðum. Miða ætti við að slík mannvirki fái byggingarleyfi. Sú geymsla sem óskað er eftir leyfi fyrir á að mati sveitarstjórnar heima á landbúnaðarsvæðum í tengslum við landbúnaðarstarfsemi.

Mál nr. 5; Böðmóðsstaðir 7 lnr 167734: Lögbýlisréttur: Aðalskipulagsbreyting-1801016.

Lögð fram umsókn Sigurðar Haukssonar, annan eiganda frístundahúsalóðarinnar Böðmóðsstaðir 7 lnr. 167734, dags. 4. janúar 2018 um leyfi til að breyta lóðinni í lögbýli. Lóðin er 32.500 fm að stærð og liggur að Böðmóðsstaðavegi og er á lóðinni 65,4 fm frístundahús byggt 1989.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar bendir á að til að hægt sé að breyta lóðinni í lögbýli þarf að breyta bæði aðal- og deiliskipulagi svæðisins. Þá þarf einnig að tryggja að það hús sem er á lóðinni samræmist ákvæðum laga og reglugerða um íbúðarhús.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar fellst ekki á að breyta landnotkun einnar lóðar, innan frístundahúsasvæðis, í landbúnaðarsvæði.

Mál nr. 6; Herutún 11-13 lnr. 214888: Breytt skipulag íbúða í raðhúsi: Fyrirspurn – 1801022.

Lögð fram fyrirspurn Gufu ehf. dags. 8. janúar 2018 um hvort að tillaga að 4 íbúða raðhúsi sem fyrirhugað er að byggja á lóðinni Herutún 5a-d samræmist gildandi deiliskipulagi.

Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er forsenda þess að veitt sé byggingarleyfi í samræmi við fyrirliggjandi hugmyndir að deiliskipulagi lóðarinnar sé breytt, þ.e. að línur sem sýna afmörkun íbúða verði felldar út. Er slík breyting óveruleg að mati nefndarinnar þar sem ekki er verið að fjölga íbúðum eða gera breytingar á heimildum varðandi stærð raðhússins. Sveitarstjórn samþykkir breytinguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 7; Gröf lóð: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús – 1801001.

Lögð fram umsókn Guðmundar Rafnars Valtýssonar dags. 27. desember 2017 um byggingarleyfi fyrir 68,9 fm frístundahúsi á lóð úr landi Grafar með landnúmer 167784.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við umsóknina og vísar henni til afgreiðslu byggingarfulltrúa, með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 19; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18-70 – 1801001F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. janúar 2018 lagðar fram til kynningar.

1.3. 149. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 17. janúar 2018- 18-71.

Pétur Ingi Haraldsson skipulagfulltrúi sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Mál nr. 6; Kolviðarholt frístundasvæði: Böðmódsstaðir 1 167625: Deiliskipulag – 1707002.

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi 42 frístundahúsalóða á 37 ha svæði úr landi Böðmódsstaða sem kallast Kolviðarholt rétt austan Hólaár. Liggur svæðið að frístundabyggðarsvæði sem kallast Kolviðarholtsmýri og liggur að ósum Hólaár. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga 31. ágúst 2017 með athugasemdafresti til 13. október. Engar athugasemdir bárust en fyrir liggja umsagnir Minjastofnunar, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Þá liggur fyrir bréf landeigenda dags. 22. janúar 2018 þar sem athugasemdum og ábendingum er svarað.

Í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands telur sveitarstjórn Bláskógabyggðar að ekki sé hægt að samþykkja deiliskipulagið með því fyrirkomulagi á fráveitu sem þar er gert ráð fyrir, þ.e. að gert sé ráð fyrir rotþró á hverri lóð.

Mál nr. 7; Snorrastaðir lóð lnr 168107: Byggingar á lóð: Fyrirspurn – 1801056.

Lögð fram fyrirspurn Höskuldar Ólafssonar dags. 17. janúar 2018 um heimild til að byggja 119 fm frístundahús á lóð úr landi Snorrastaða með lnr. 168107 sem liggur við Stekká. Gert er ráð fyrir að núverandi 64 fm hús verði fjarlægð. Þá er einnig óskað eftir heimild til að byggja 27 fm gestahús. Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu húsanna.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að byggt verði nýtt hús á lóðinni í stað þess sem fyrir er, en telur að nýtt hús ætti ekki að fara nær Stekká en núverandi hús.

Mál nr. 8; Syðri-Reykir 2: Syðri Reykir 2 vegsvæði: Stofnun lóða – 1712035.

Lögð fram umsókn Direkta lögfræðipjónustu dags. 8. janúar 2018, f.h.

Vegagerðarinnar, um stofnun 7.600 fm spildu undir vegsvæði úr óskiptu landi Syðri-Reykja 2 lóð, lnr. 167479-167493. Alls er stofnuð 506,66 fm úr hverri af þessum 15 lóðum sem sameinaðar eru í eitt vegsvæði.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar með fyrirvara um lagfæringar á lóðablaði í samræmi við athugasemdir skipulagsfulltrúa. Ekki er gert athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 9; Einiholt 1 land 2 lnr 222396: Íbúðarhús: Lögbylí: Deiliskipulag – 1801057.

Lögð fram lýsing vegna deiliskipulags fyrir landsspilduna Einiholt 1 land 2 lnr. 222396 sem er 15,7 ha spilda sem liggur norðan bæjartorfu Einiholts, milli Einiholtsvegar og Einiholtslækjar. Er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi og er skv. lýsingunni gert ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, gestahúss og mannvirkjum tengd landbúnaði. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er jafnframt lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að lýsingin verði kynnt skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga, með fyrirvara um minniháttar lagfæringar í samráði við skipulagsfulltrúa. Leita skal umsagnar Skipulagsstofnunar, Vegagerðarinnar og Minjastofnunar. Ef engar athugasemdir berast við lýsingu deiliskipulagsins er mælt með að tillaga að deiliskipulagi svæðisins verði kynnt skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 10; Brúarvirkjun í Tungufljóti: Brú: Framkvæmdaleyfi – 1709053.  
Tekið er fyrir erindi dags 17. janúar 2018 frá HS Orku hf. þar sem þess er farið á leit við Bláskógabyggð að afgreiðsla á umsókn HS Orku hf., um framkvæmdaleyfi fyrir Brúarvirkjun, frá 12. október 2017, verði endurupptekin með hliðsjón af meðfylgjandi gögnum, umsóknin afgreidd og samþykkt og fyrri afgreiðsla, frá 12. október 2017, afturkölluð samtímis.

Sveitarstjórn hefur yfirfarið beiðni HS Orku ásamt upplýsingum í greinargerð og fylgigögnum sem HS Orka hefur vísað til. Með vísan til rökstuðnings HS Orku fellst sveitarstjórn á að skilyrði til endurupptöku séu uppfyllt og að tilefni sé til þess að taka umsókn fyrirtækisins um framkvæmdaleyfi til nýrrar skoðunar.

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. sbr. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. og 6. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 fyrir framkvæmdinni Brúarvirkjun. Um er að ræða allt að 9,9 MW vatnsaflsvirkjun í efri hluta Tungufljóts í Biskupstungum, nánar tiltekið á svæðinu frá frístundabyggð ofan Þjóðvegjar austan við Geysi í Haukadal og upp að landamörkum Brúar og Hóla. Ráðgerð efnistaka nemur alls um 215.000 m<sup>3</sup> og haugsetning er áætluð um 150.000 m<sup>3</sup>. Sótt er um framkvæmdina á grundvelli aðalskipulags Biskupstungnahrepps 2000-2012 og deiliskipulags Brúarvirkjunar í Tungufljóti.

Sveitarstjórn hefur kynnt sér umsókn HS Orku um framkvæmdaleyfi og fylgigögn, matsskýrslu framkvæmdarinnar, álit Skipulagsstofnunar og fyrirbyggjandi umsagnir. Það er mat sveitarstjórnar að framlögð gögn lýsi framkvæmdinni á fullnægjandi hátt, hönnunargögn séu fullnægjandi og að framkvæmdin sé í samræmi við mat á umhverfisáhrifum og gildandi skipulagsáætlanir, sbr. 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Fullt samræmi er á milli þeirrar framkvæmdar sem lýst er í matsskýrslu og umsóknar um framkvæmdaleyfi, ásamt þeim gögnum sem lögð eru fram með henni. Jafnframt er það mat sveitarstjórnar að fyrirhuguð umsókn sé í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag svæðisins. Leitað hefur verið allra lögbundinna umsagna og liggja þær fyrir með umsókn um framkvæmdaleyfi. Gætt hefur verið að ákvæðum laga um náttúruvernd, laga um menningarminjar, skipulagslaga, reglugerðar um framkvæmdaleyfi og annarra laga og reglugerða sem við eiga.

Í álit Skipulagsstofnunar, 20. september 2016, segir að mat stofnunarinnar sé að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist í breyttri ásýnd fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og landslagi þess miðað við núverandi aðstæður. Svæðið er að mestu leyti ósnortið og einkennist af Tungufljóti og vel grónum bökkum þess enda um lindá að ræða en slíkar ár eru ekki algengar á Íslandi og sjaldgæfar á heimsvísu. Að framkvæmdum loknum mun svæðið einkennast að misumfangsmiklum mannvirkjum og verulega skertu rennsli í Tungufljóti á um þriggja km löngum kafla. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er þó í nokkurri fjarlægð frá fjölförnum vegum og ferðamannastöðum og neikvæð sjónræn áhrif verða mest frá frístundabyggð í nágrenninu auk þess sem sjónræn áhrif á þá ferðamenn sem leggja leið sína upp með Tungufljóti frá núverandi Þjóðvegi munu verða mjög neikvæð. Í ljósi þess sem er rakið hér að framan er það mat Skipulagsstofnunar að áhrif á ásýnd og landslag fyrirhugaðra framkvæmda verði talsvert neikvæð.

Fram kemur í álit Skipulagsstofnunar að fyrirhugað framkvæmdasvæði einkennist af gróskumiklu votlendi og skóglendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og sem forðast skal að raska nema brýna nauðsyn beri til en nær allt framkvæmdasvæðið er mjög vel gróið. Áhrif á gróður verða því staðbundið talsvert neikvæð. Telur Skipulagsstofnun því mikilvægt að ráðist verði í fyrirhugaða endurheimt votlendis og birkikjarrs og að setja verði eftirfarandi skilyrði:

1. Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram á hvaða svæði eigi að ráðast í endurheimt votlendis og birkikjarrs í samráði við Umhverfisstofnun, Skógræktina, sveitarfélag og landeigendur.

Þá setur Skipulagsstofnun fyrirvara við þá niðurstöðu að fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki taldar koma til með að hafa mikil neikvæð áhrif á fugla samkvæmt matsskýrslu. Telur Skipulagsstofnun þörf á að setja eftirfarandi skilyrði:

2. Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram að rannsakað verði hvort straumönd verpi í eða við lónstæði fyrirhugaðrar Brúarvirkjunar og svæði sem fer undir stíflumannvirki. Rannsóknin þarf að fara fram áður en framkvæmdir hefjast við stíflu eða lónstæðið. Ef rannsóknin staðfestir varp á svæðinu þarf, með vísan til 74. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, að bera það undir Náttúrufræðistofnun Íslands hvort nauðsynlegt sé að vakta afdrif straumandar að lokum framkvæmdum.

Sveitarstjórn tekur undir álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og nauðsyn þess að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar með því vinna að endurheimt birkiskógar og votlendis og með því að vakta afdrif straumandar að loknum framkvæmdum. Vísar sveitarstjórn sérstaklega til stefnu sveitarfélagsins skv. aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 um endurheimt votlendis og gróðurs til jafns við fyrirhugaða skerðingu vegna Brúarvirkjunar.

Hvað varðar fyrra skilyrði Skipulagsstofnunar hefur HS Orka gert samning við Skógræktina, sem jafnframt er umsjónamaður hluta landsins, um endurheimt votlendis og birkikjarrs sbr. viðauka 6 með greinargerð umsóknar. Þar er samið um gróðursetningu 25 þúsund birkiplantna á alls 10 hektara svæði þar sem nú vex lúpína og endurheimt votlendis með uppfyllingu skurða í landi Mosfells í Grímsnesi. Um er að ræða a.m.k. jafn stórt votlendi og birkiskógur og raskað verður með framkvæmdinni.

Hvað varðar síðara skilyrði Skipulagsstofnunar, þá hefur HS Orka leitað til Náttúrufræðistofnunar Íslands um rannsókn á straumöndum við Tungufljót, sbr. viðauki 4 með greinargerð umsóknar. Niðurstaða rannsóknar stofnunarinnar er sú að Tungufljót frá upptökum niður að brú er að stórum hluta líklegt varpkjörlendi straumanda og sá mikli fjöldi fugla sem þar hefur fundist bendi til þess að straumendur verpi á þessu svæði. Náttúrufræðistofnun Íslands lagði af þeim sökum til að straumendur við Tungufljót verði vaktaðar næstu fimm árin með samanburðartalningu á annarri sambærilegri á. Í því skyni hefur stofnunin unnið vöktunaráætlun fyrir HS Orku hf. fyrir fugla og gróður vegna framkvæmdanna,

dags. 8. janúar 2018, sbr. viðauki nr. 5 með greinargerð umsóknar. Þar er auk þess gert ráð fyrir því að eftirfarandi þættir verði vaktadír:

- Endurheimt birkiskógar í landi Haukadals.
- Endurheimt votlendis í landi Mosfells í Grímsnesi.
- Grunnvatnsstöðu í votlendi.
- Áfok og rof á bökkum lónsins.

Það er mat sveitarstjórnar að með þeim umhverfisránsóknum sem hafa farið fram, þeirri endurheimt sem fyrirhuguð er og vöktunaráætlunum sem lagðar hafa verið fram hafi verið brugðist við skilyrðum Skipulagsstofnunar á fullnægjandi hátt í samræmi við álit stofnunarinnar. Engu að síður telur sveitarstjórn nauðsynlegt að gera það að skilyrði fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis að staðið verði við nefndan samning og vöktunaráætlun.

Þá hefur sveitarstjórn hefur kynnt sér umsögn umhverfisnefndar Bláskógabyggðar frá 24. janúar 2018 og bókun skipulagsnefndar frá 25. janúar 2018. Sveitarstjórn tekur undir þau sjónarmið sem þar koma fram og telur þau vera í fullu samræmi við áherslur og stefnu gildandi aðalskipulags Biskupstungnahrepps 2000-2012 og deiliskipulags Brúarvirkjunar. Í bókun skipulagsnefndar kemur fram það mat nefndarinnar að gerð sé fullnægjandi grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum, mótvægisáhrifum, vöktun og mati framkvæmdaaðila á þeim í matsskýrslu, álit Skipulagsstofnunar og öðrum fyrirbyggjandi gögnum. Skipulagsnefnd tekur undir mat Skipulagsstofnunar um að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist í breyttri ásýnd fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og landslagi þess miðað við núverandi aðstæður. Þá segir m.a. í bókun nefndarinnar að óumdeilt sé að vistkerfi sem njóta verndar 61. gr. náttúruverndarlaga, þ.e. votlendi og birkiskógur, verði fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Skerðing votlendis og skóglendis vegna framkvæmdarinnar nái hins vegar ekki til stórs svæðis auk þess sem um er að ræða sneiðar af jaðri slíkra svæða.

Sveitarstjórn telur ljóst að skipulagsnefnd hefur kynnt sér ítarlega umsóttu framkvæmd og fylgigögn og tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, líkt og áskilið er í 2. mgr. 14. gr. skipulagslaga. Auk þess er í bókuninni fjallað ítarlega um skilyrði 13. gr. skipulagslaga og komist að rökstuddri niðurstöðu þess efnis að skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt. Sveitastjórn tekur að öllu leyti undir bókun og rökstuðning skipulagsnefndar og gerir að sínum. Í því felst að sveitarstjórn tekur meðal annars undir þá afstöðu skipulagsnefndar að með hliðsjón af eðli og umfangi fyrirhugaðrar skerðingar, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og hagsmunum samfélagsins að brýn nauðsyn beri til þeirrar skerðingar sem framkvæmdin hefur óneitanlega í för með sér á svæðum sem njóta verndar 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Sveitarstjórn telur samkvæmt framansögðu lagaskilyrði til útgáfu umsóttis framkvæmdaleyfis.

Eftirfarandi skilyrði skulu gilda um framkvæmdaleyfið:

- Sveitarstjórn gerir þær mótvægisáðgerðir og verklag sem fram koma í matsskýrslu og umsókn um framkvæmdaleyfi að skilyrðum fyrir framkvæmd.
- Sveitarstjórn gerir þá skilmála sem fram koma í greinargerð með deiliskipulagi Brúarvirkjunar að skilyrðum fyrir framkvæmd.
- Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram á hvaða svæðum eigi að ráðast í endurheimt votlendis og birkikjarrs í samræmi við samning milli HS Orku og Skógræktarinnar, dags. 27. september 2017.
- HS Orka skal ábyrgjast að fylgst verði með eftirfarandi þáttum í samræmi við skilyrði Skipulagsstofnunar og vöktunaráætlun Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 8. janúar 2018:
  - Afdrif straumandar
  - Endurheimt birkiskógar í landi Haukadals.
  - Endurheimt votlendis í landi Mosfells í Grímsnesi.
  - Grunnvatnsstöðu í votlendi.
  - Áfök og rof á bökkum lónsins.

Vöktunin skal hefjast um leið og framkvæmdir samkvæmt leyfinu og standa yfir þar til fimm ár eru liðin frá framkvæmdalokum.

- Framkvæmdir skulu ekki eiga sér stað á hrygningartíma laxa, þ.e. á tímabilinu 1. október – 20. nóvember.
- Hafa ber samráð við landeigendur og eigendur frístundahúsa um leiðir til að draga úr ásýndaráhrifum framkvæmdarinnar.
- Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skal gefið út til 24 mánaða og skal í leyfinu gerð grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt því og vinnslutíma, til samræmis við þær upplýsingar sem fram koma í umsókn, fylgigögnum og gildandi skipulagsáætlunum. Hafa ber samráð við Umhverfisstofnun um frágang á efnistökusvæðum.

Með vísan til framangreinds samþykkir sveitarstjórn afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að veita framkvæmdaleyfi fyrir Brúarvirkjun með þeim skilyrðum sem að framan greinir. Lagt er fyrir skipulagsfulltrúa að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og gefa út nýtt framkvæmdaleyfi að undangengnum framangreindum skilyrðum. Fyrri samþykkt um málið, frá 12. október 2017, er felld úr gildi. Tekið skal fram að samþykkt þessi á ekki við um framkvæmdir sem eru háðar byggingarleyfi skv. ákvæðum mannvirkjalaga nr. 160/2010 m.s.br.

Mál nr. 11; Friðheimar: Umsókn um byggingarleyfi: Viðbygging – móttaka (mhl 15) – 1712041.

Lögð fram umsókn Knúts Rafns Ármannssonar og Helenu Hermundardóttur dags. 20. desember 2017 um leyfi til að byggja 18 fm viðbyggingu við aðalinngang á landi Friðheima (lnr. 167088).

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að umsókn um byggingarleyfi verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa þar sem hún er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í húsabyrpingu í dreifbýli. Ekki er talin þörf á gerð deiliskipulags eða að grenndarkynna umsóknina.

Mál nr. 12; Aphóll 3 lnr 221650: Skipting lóðar í tvær: Fyrirspurn – 1801043.  
Lögð fram fyrirspurn Arnars Laxdals um hvort að heimilt verði að skipta lóðinni Aphóll 3 lnr. 221650 í tvennt. Lóðin er í dag skráð 11.309 fm og í þjóðskrá skilgreind sem annað land þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag fyrir svæðið. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að lóðinni verði skipt ef lagfærð gögn berast. Ítrekað er að ekki verður gefið út byggingarleyfi á nýjum lóðum á svæðinu nema á grundvelli deiliskipulags sbr. bókun skipulagsnefndar frá 25. október 2012 þegar samþykkt var stofnun nýrra lóða á svæðinu.

Mál nr. 13; Heiði lóð 18 lnr 173709: Breyting á byggingarreit: Fyrirspurn – 1801044.

Lögð fram fyrirspurn Salome Jakobsdóttur dags. 8. janúar 2018 um hvort að heimilt verði að staðsetja hús á lóðinni Heiði 18 í um 70 m fjarlægð frá miðlínu Biskupstungnabrautar en ekki í 100 m eins og deiliskipulagið gerir ráð fyrir. Erfitt er að byggja þar sem byggingarreiturinn er vegna nálægðar við skurð. Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar felur umsóknin í sér að gera þarf breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að leita þurfi eftir undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar varðandi fjarlægðar mannvirkja frá stofn og tengivegum. Gerir nefndin ekki athugasemd við slíka breytingu, sem er að mati nefndarinnar óveruleg sbr. ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem hún er ekki talin hafa neikvæð áhrif á aðra hagsmunaaðila á svæðinu.

Mál nr. 21; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18-71 – 1801004F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. janúar 2018 lagðar fram til kynningar.

- 1.4. 61. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar.  
Varðandi dagskrálið 3 bókun frá skólaráði er henni vísað til vinnuhóps um skólahúsnæði.  
Fundargerð samþykkt samhljóða.
- 1.5. 3. hönnunarfundur vegna leikskóla í Reykholti.  
Fundargerð samþykkt samhljóða.
- 1.6. Fundur stýrihóps verkefnisins Heilsueflandi samfélag, dags. 17. janúar 2018.  
Fundargerð samþykkt samhljóða.

## **2. Fundargerðir til kynningar:**

- 2.1. 48. fundur stjórnar byggðarsamlags UTU.  
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fjármögnun skuldbindinga Bláskógabyggðar gagnvart Brú lífeyrissjóði verði með lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga, sbr. dagskrárlið 7, síðar á þessum fundi. Hlutur Bláskógabyggðar er kr. 3.960.885.
- 2.2. 49. fundur stjórnar byggðarsamlags UTU.

## **3. Skipulagsmál:**

- 3.1. Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 – 2027.  
Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfulltrúi, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.  
Þann 18. október 2017 sendi Bláskógabyggð erindi til Skipulagsstofnunar þar sem óskað var eftir yfirferð stofnunarinnar vegna staðfestingar á Aðalskipulagi



Bláskógabyggðar 2015-2027, skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga 123/2010. Með bréfi Skipulagsstofnunar þann 22. desember 2017 beindi Skipulagsstofnun því til sveitarfélagsins að yfirfara nokkur atriði sem þyrfti að bregðast við og bæta úr til að hægt væri að staðfesta aðalskipulagið.

Lagt er fram minnisblað með viðbrögðum sveitarfélagsins við ábendingum Skipulagsstofnunar. Er aðalskipulagið nú lagt fram með minniháttar breytingum til að koma til móts við athugasemdir og ábendingar Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir tillögu að aðalskipulagi eins og hún er hér lögð fram. Er skipulagsfulltrúa falið að senda aðalskipulagið til staðfestingar Skipulagsstofnunar í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- 3.2. Tillaga að breytingu Aðalskipulags Mosfellsbæjar 2011 - 2030; stök íbúðarhús í Mosfellsdal.

Lagt fram tölvuskeyti frá Mosfellsbæ, dags. 24. janúar 2018, þar sem kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 er varðar stök íbúðarhús í Mosfellsdal.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við kynnta tillögu.

- 3.3. Tillaga að breytingu Aðalskipulags Mosfellsbæjar 2011 - 2030; frístundasvæði í suður hluta Mosfellsbæjar.

Lagt fram tölvuskeyti frá Mosfellsbæ, dags. 29. janúar 2018, þar sem kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 er varðar frístundasvæði í suður hluta Mosfellsbæjar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við kynnta tillögu.

- 3.4. Tillaga að breytingu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030; miðborgin.

Lagt fram bréf Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 16. janúar 2018, þar sem kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er varðar markmið um göngugötur í miðborginni.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við kynnta tillögu.

- 3.5. Skálabrekka 170163: Hótel, frístundahús og verslun og þjónusta:

Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfulltrúi, sat fundinn undir þessum dagskrárlið. Aðalskipulagsbreyting – 1708081.

Vísað er til bókunar sveitarstjórnar á 201. fundi, dagskrárliður 1.2, mál nr. 3.

Einnig vísað til 1. dagskrárliðar á 202. fundi sveitarstjórnar þegar fulltrúar eigenda Skálabrekku mættu á fund sveitarstjórnar til að kynna og ræða hugmyndir um uppbyggingu hótels, frístundabyggðar og þjónustustarfsemi í landi Skálabrekku. Þann 15. desember s.l. fóru síðan fulltrúar úr sveitarstjórn í vettvangsferð að Skálabrekku.

Lagt fram bréf landeigenda, dags. 29. janúar 2018, þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar um notkun svæðisins og staðsetningu hótelsins innan þess og hvort sveitarstjórn sé tilbúin að vinna áfram að málinu með landeigendum á grundvelli þeirra hugmynda sem liggja fyrir.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar getur ekki fallist á upphaflegar hugmyndir sem kynntar voru á fundi sveitarstjórnar þann 12. október 2017. Sveitarstjórn leggst ekki gegn því að landeigendur vinni áfram að hugmyndum um hótélbyggingu, þó með fyrirvara um ákvæði reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Sérstaklega er bent á 16. grein reglugerðarinnar. Vinna þarf betur með umfang verkefnisins, inngrip í náttúru svæðisins sem er háð verndarskilyrðum.

#### **4. Samstarfssamningur um sameiginlegan seyrurekstur.**

Lögð fram drög að samkomulagi milli sveitarfélaganna Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps og Ásahrepps um sameiginlegan rekstur tækja og svæðis vegna hreinsunar og verkun seyru með aðstöðu að Flatholti 3, Flúðum.

Með samningi þessum gera sveitarfélögin samkomulag um fjárfestingu og rekstur á sameiginlegu svæði um verkun seyru. Jafnframt tekur samkomulagið til fjárfestingar og rekstur á sameiginlegum tækjabúnaði til meðhöndlunar og losunar á rotþrómi í sveitarfélögunum, s.s. hreinsibifreiðum.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög að samstarfssamningi og felur oddvita eða sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Bláskógabyggðar.

#### **5. Heilsueflandi samfélag í Bláskógabyggð.**

Gunnar K. Gunnarsson, verkefnisstóri Heilsueflandi samfélags í Bláskógabyggð, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Gunnar kynnti í stuttu máli stöðu verkefnisins í dag og hvað sé á dagskránni. Einnig kynnti hann niðurstöðu þarfagreiningar af fundi stýrihóps sem haldinn var 17. janúar s.l. Umræða varð um stöðu og framtíðarsýn gagnvart verkefninu og rætt um greiningu hagsmunaaðila og þarfagreiningu.

Lagt fram tölvuskeyti Gunnars K. Gunnarssonar, dags. 25. janúar 2018, er varðar hugmyndir um tómstundastyrki í Bláskógabyggð. Fyrir liggur ósk um endurskoðun samninga við ungmennafélögin frá Ungmennafélagi Laugdæla. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að vísa þessari hugmynd til þeirrar vinnu.

#### **6. Hönnun nýs leikskóla í Reykholti.**

Lagt fram minnisblað frá VA arkitektum, dags. 30. janúar 2018, vegna hugmynda um klæðningu á leikskólahúsnæði sem nú er í hönnun. Í ljós hefur komið að óhentugt er að hafa húsið klætt steiningu, eins og samþykkt var á 205. fundi sveitarstjórnar þann 7. desember 2017. Er það sameiginlegt mat VA arkitekta og Verkís.

Skv. minnisblaði eru tveir kostir í stöðunni, annars vegar timburklæðning úr lerki eða fínþrá úr lituðu áli. Í minnisblaðinu kemur fram áætlaður efniskostnaður á hvern fermetra klæðningar og væntanlegur líftími klæðningar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að byggingin skuli klædd með fínþrá úr lituðu áli en innskot með viði.

#### **7. Fjármögnun uppgjors við Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga.**

Sveitarstjóri hefur haft samband við lánasjóð sveitarfélaga til að kanna möguleika á fjármögnun uppgjors við Brú lífeyrissjóð. Lánasjóður sveitarfélaga hefur ákveðið að veita lán til sveitarfélaga til fjármögnunar á þessum skuldbindingum sveitarfélaganna. Kjör á lánum lánasjóðsins eru hagstæðari en Brú lífeyrissjóður hefur þegar boðið sveitarfélögum. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að falla frá fyrri ákvörðun sinni um fjármögnun skuldbindinganna með útgáfu skuldabréfa, sbr. bókun á 206. fundi sveitarstjórnar, dagskrárlið 9.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 180.000.000 kr. með lokagjald daga árið 2055, í samræmi við lánstilboð sem liggur fyrir fundinum og sem sveitarstjórn hefur kynnt sér.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar) standa tekjur sveitarfélagsins, sbr.

heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til að greiða skuldbindingar Bláskógabyggðar gagnvart Brú lífeyrissjóði skv. samningi um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Valtý Valtýssyni, kt. 221060-2379, sveitarstjóra Bláskógabyggðar veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Bláskógabyggðar að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

## 8. Innsend bréf og erindi:

8.1. Bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 25. janúar 2018; samstarfssamningar.

Lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 25. janúar 2018, þar sem kynnt er að ráðuneytið hafi ákveðið að taka til skoðunar þá samninga um samstarf sveitarfélaga sem í gildi eru hér á landi. Þ.e. samninga um byggðasamlög, samninga um starfrækslu verkefna sem styðjast við nýtt ákvæði 96. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra samstarfssamninga.

Ráðuneytið óskar eftir upplýsingum um alla samstarfssamninga sem Bláskógabyggð á aðild að og afrit af viðkomandi samningum.

Einnig er óskað eftir áliti sveitarstjórnar Bláskógabyggðar á því hvort endurskoða þurfi ákvæði sveitarstjórnarlaga um samstarf sveitarfélaga og þá að hvaða leyti.

Oddvita og sveitarstjóra falið að taka saman umbeðin gögn fyrir næsta reglubundna fund sveitarstjórnar. Málinu frestað til næsta fundar.

8.2. Bréf Hellarannsóknarfélags Íslands, dags. 19. janúar 2018; samningur / samstarfsyfirlýsing.

Lagt fram bréf Hellarannsóknarfélags Íslands þar sem óskað er eftir að gerður verði formlegur samstarfssamningur við félagið með það að markmiði að vernda hraunhella innan Bláskógabyggðar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að fela Kolbeini Sveinbjörnssyni og Helga Kjartanssyni að vinna málið áfram.

8.3. Bréf sóknarnefnar Torfastaðakirkju, dags. 25. janúar 2018; styrkbeiðni á mótí húsaleigu.

Lagt fram bréf sóknarnefndar Torfastaðakirkju þar sem óskað er eftir styrk á mótí húsaleigu Aratungu vegna þorrablóts Biskupstungna sem haldið var 19. janúar s.l. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

8.4. Bréf Veidifélags Eystri-Rangár, dags. 25. janúar 2018; umsögn vegna umsóknar um starfsleyfi.

Lagt fram bréf Stefaníu K. Karlsdóttur dags. 25. janúar 2018, f.h. veidifélags Eystri-Rangár vegna umsóknar um starfsleyfi vegna framleiðslu á seiðum í seiðaeidisstöðinni Eyjarlandi (Inr. 167649). Meðfylgjandi er afrit af umsókn dags. 29. janúar 2018 um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar fyrir 19,9 tonna fiskeldi ásamt útfylltum gátlista um umfang framkvæmdar og hugsanleg umhverfisáhrif.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar frestar málinu fram að næsta reglubundna fundi sveitarstjórnar.

- 8.5. Tölvuskeyti Umhverfisstofnunar, dags. 20. desember 2017; tilnefning í ráðgjafanefnd fyrir friðlandið Þjórsárver.  
Lagt fram tölvuskeyti Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftir að Bláskógabyggð tilnefni einnig konu í ráðgjafanefnd fyrir friðlandið Þjórsárver. Sveitarstjórn hafði áður tilnefnt Helga Kjartansson sem fulltrúa Bláskógabyggðar. Umhverfisstofnun óskar eftir tilnefningu bæði karls og konu svo hægt verði að skipa ráðgjafanefnd með jafnri kynjaskiptingu. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að tilnefna einnig Guðrún S. Magnúsdóttur sem fulltrúa Bláskógabyggðar.
- 8.6. Tölvuskeyti GoRed hópsins, dags. 25. janúar 2018; styrkbeiðni.  
Lagt fram tölvuskeyti GoRed hópsins þar sem óskað er eftir styrk vegna útgáfu blaðs. Erindinu hafnað.
- 8.7. Tölvuskeyti Birkis Karls Sigurðssonar, dags. 23. janúar 2018; skáknámskeið.  
Lagt fram tölvuskeyti Birkis K. Sigurðssonar þar sem hann býður sveitarfélaginu að halda tveggja daga skáknámskeið fyrir ungmenni. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hafnar erindinu.
- 8.8. Tölvuskeyti framkvæmdastjóra SASS, dags. 25. janúar 2018; Brú lífeyrissjóður, skipting á milli sveitarfélaga.  
Lagt fram tölvuskeyti SASS þar sem kynntar eru skuldbindingar SASS og tengdra stofnana vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð. Í viðhengi með skeytinu er yfirlit yfir hvernig skuldbindingarnar dreifast á aðildarsveitarfélög. Hlutur Bláskógabyggðar er kr. 3.065.593. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að þær skuldbindingar sem falla á Bláskógabyggð verði fjármagnaðar með láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga sbr. dagskrárlíð 7 á þessum fundi.
- 8.9. Bréf Markaðsstofu Suðurlands, dags. 9. október 2017; samstarfssamningur.  
Vísað er til dagskrárlíðar 1.1 í fundargerð 203. fundar sveitarstjórnar Bláskógabyggðar, en þá var afgreiðslu á erindi Markaðsstofu Suðurlands frestað. Lögð fram tillaga að Bláskógabyggð samþykki samning til eins ár og að hlutdeild sveitarfélaga í rekstri Markaðstofunnar verði rædd á ársþingi SASS 2018. Greidd voru atkvæði um erindið (samþykkt með 4 atkvæðum HK,EMS, KB og BB og 3 atkvæði á móti GSM, ÓBP, KS).
- 8.10. Bréf Hestamannafélagsins Loga, móttakið 31. janúar 2018; undirgögn undir Biskupstungnabraut.  
Lagt fram bréf Hestamannafélagsins Loga þar sem óskað er eftir því við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að hún setji undirgögn undir Biskupstungnabraut austan við hestúshverfið í Reykholti inn á deiliskipulag sem nú er í vinnslu fyrir Reykholt. Jafnframt óskar félagið eftir því að sveitarstjórn beiti sér strax fyrir því að Vegagerðin vinni hratt að byggingu þessara undirgangna. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar mun sjá til þess að undirgögn verði sett inn á deiliskipulag Reykholt og hvetur Vegagerðina til þess að undirbúa verkið þannig að hægt verði að ráðast í framkvæmdir eins fljótt og auðið vegna mikillar slysaheytu sem búið er við í dag.

8.11. Lóðarblað fyrir 13.336 fm lóð úr landi Brautarhóls.

Lagt fram lóðarblað sem sýnir hnitsetta afmörkun 13.336 fm lóðar úr landi Brautarhóls með landnr. 167066. Vesturmörk lóðarinnar liggja upp að núverandi íbúðarbyggð við Kistuholt og er aðkoma að henni um veg að svokölluðu Eflingarlandi. Gert er ráð fyrir að lóðin fái heitið Kistuholt úr Brautarhóli. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða stofnun lóðarinnar og gerir ekki athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

**9. Mál til kynningar:**

- 9.1. Tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. janúar 2018; dagur leikskólans 6. febrúar 2018.
- 9.2. Tölvuskeyti sveitarstjóra Hrunamannahrepps, dags. 12. janúar 2018; vatnsveita Bláskógabyggðar.
- 9.3. Tölvuskeyti íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, dags. 29. janúar 2018; Lífshlaupið.

Fundi slitið kl. 19:00.

---

Helgi Kjartansson, oddviti

---

Kristinn Bjarnason

---

Óttar Bragi Þráinsson

---

Kolbeinn Sveinbjörnsson

---

Guðrún S. Magnúsdóttir

---

Eyrún M. Stefánsdóttir

---

Bryndís Á. Böðvarsdóttir

---

Valtýr Valtýsson

---

Sigurrós H Jóhannsdóttir